



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017

## Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir  
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - [blekhonnun.is](http://blekhonnun.is)

Forsíðumynd: Akureyri © Akureyrarstofa

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-15-2018

ISBN: 978-9935-437-81-5

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


# Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Húsavík, Mývatnssveit, Akureyri, Siglufirði, Borgarnesi og Reykjavík. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar á Akureyri.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.



# EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	6
Gisting	7
Gistinætur	8
Gistimáti	9
Tilgangur ferðar	10
Ástæða heimsóknar	11
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	12
Ferðamáti	13
Dvalarlengd	14
Afþreying og þjónusta	15
Ánægja	16
Útgjöld	17
Athugasemdir	18
Samantekt	20

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti á Akureyri sumarið 2017. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Akureyri stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í

Breta, Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv.

Könnunin stóð yfir tímabilið 7. júlí til 4. september og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spyrjar voru staðsettir á tveimur stöðum, á Ráðhústorgi og í Lystigarðinum. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra. Alls voru 629 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 492 þátttöku eða 78% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 46,2 ár, hlutfall kvenna var 55% og karla 45%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim. Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurninga-könnunarinnar stóð.


Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2017.

\*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics - International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

# Hvert er búsetuland þitt?

Flestir svarenda á Akureyri komu frá Þýskalandi (18%) og Bandaríkjunum (17%). Um 10% komu frá Bretlandi og 8% frá Frakklandi og Spáni. Hlutfall ferðamanna frá Þýskalandi var talsvert hærra á Akureyri en á landsvísu en lægra meðal ferðamanna frá Bandaríkjunum samkvæmt talningum ferðamanna á Keflavíkurlflugvelli.\*

Um 18% svarenda voru farþegar skemmtiferðaskipa. Þegar svör þeirra voru undanskilin niðurstöðunum lækkaði hlutfall ferðamanna frá Bretlandi niður í 4% þar sem svo stór hluti þeirra kom með skemmtiferðiferðaskipum til Akureyrar.




- Erlendir ferðamenn á Akureyri
- Erlendir ferðamenn á Akureyri án farþega skemmtiferðaskipa
- Erlendir ferðamenn á Íslandi\*

\*Ferðamálastofa. [e.d.]. Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurlflugvöll 2003-2018. Myndin sýnir búsetulönd erlendra gesta á Akureyri og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurlflugvöll í júlí og ágúst 2017.

# Gestakomur erlendra ferðamanna\*

Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar á Akureyri má greina nokkuð svipað hlutfall og í könnuninni. Hlutfall gestakoma Þjóðverja og Frakka hefur lækkað á tímabilinu 2013 til 2017 á sama tíma og hlutfall Bandaríkjamanna hefur rúmlega tvöfaldast. Tölurnar einskorðast við sumarmánuðina þrjá.\*\*




\*Gestakomur erlendra ferðamanna á Akureyri sumrin 2013-2017 (júní til ágúst).

\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2017.

# Með hverjum ferðaðist þú?

Flestir ferðamanna voru á ferð með fjölskyldu og vinum (86%). Um 10% voru í hópferð og 6% ferðuðust einir. Niðurstöðurnar á landsvísu voru nokkuð svipaðar.\*




\*Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.



## Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?


Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (47%). Í um 17% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för. Á landsvísu voru börn undir 18 ára aldri meðal ferðafélaga í um 16% tilvika.\*



\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.

## Dvaldir þú á Akureyri síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?


Um helmingur þeirra ferðamanna sem heimsóttu Akureyri ætluðu að dvelja yfir nótt. Hlutfallið var var heldur hærra (60%) þegar farþegar skemmtiferðaskipa voru undanskildir niðurstöðunum. Um 61% Bandaríkjamanna ætluðu að dvelja yfir nótt. Hlutfallið var 54% hjá Frökkum og 37% hjá Þjóðverjum.



## Gistinætur erlendra ferðamanna\*

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru gistinætur erlendra ferðamanna á Akureyri alls um 230 þúsund árið 2017 sem er fjölgun úr 152 þúsund gistinóttum árið 2013.

Heldur hefur þó hægt á fjölgun þeirra síðustu ár en heildarfjöldi gistinátta stóð í stað á milli árána 2016 og 2017. Yfir sumartímamann fækkaði gistinóttum á milli árána 2015 og 2017 á sama tíma og samdráttur varð í framboði gististaða í bænum. Vægi vetrargistingar hefur því aukist en árið 2017 voru um 74% gistinátta frá maí til september á meðan sama hlutfall var 84% árið 2013.\*\*




\*Gistinætur erlendra ferðamanna á Akureyri eftir mánuðum 2013-2017.

\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2017.

## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér á Akureyri?

Af þeim sem dvöldu yfir nótt á Akureyri gistu flestir á hótélum eða alls um 27% ferðamanna. Um 14% gistu á gistiheimilum og 22% í einkagistingu. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Alls gistu 20% á tjaldsvæðum og 5% á farfuglaheimilum.

Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum samtals 31% sem er heldur lægra en á Akureyri. Hlutfall tjaldsvæða var það sama og á Akureyri og hlutfall einkagistingar lægra en á Akureyri.\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017. Svör þeirra sem dvöldu ekki yfir nótt eru undanskilin niðurstöðunum. Hlutföllin reiknast af heildarfjölda svara.

\*\*Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

## Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Akureyrar?

Langflestir sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Akureyrar vera frí eða alls um 95% gesta. Það er aðeins hærra hlutfall en í könnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli.\* Hlutfall þeirra sem komu í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja, vinna eða mæta á viðburð á Akureyri var aðeins lægra en á landsvísu.




\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Akureyri varð fyrir valinu sem áfangastaður

Flestir þátttakenda (32%) sögðu heimsókn sína til Akureyrar vera part af lengri ferð um Ísland og 15% sögðu heimsóknina vera hluta af skemmtiferðasiglingu.


Um 11% ferðamanna sögðust hafa heimsótt bæinn vegna afþreyingar eða menningartengdra þátta. Alls nefndu 10% fegurð staðar og sama hlutfall kom vegna stærðar hans. Um 8% heimsóttu Akureyri til að versla eða sækja aðra þjónustu og sama hlutfall kom vegna meðmæla. Meðmælin fengu þeir m.a. frá fjölskyldu, vinum og ferðaskrifstofum. Um 6% nefndu staðsetningu Akureyrar sem meginástæðu heimsóknar. Færri nefndu aðrar ástæður s.s. almennan áhuga á Íslandi, veiði og löngun til að skoða nýja staði.\*



\*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru svör fleiri en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Akureyri?


Ferðamenn á Akureyri virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls í um 77% tilvika. Um 12% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 22% sögðust einungis hafa komið við á staðnum á leið sinni annað. Um 0,2% svarenda sögðu að heimsóknin til Akureyrar væri meginástæða Íslandsferðarinnar.\*



\* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Hvernig ferðaðist þú til Akureyrar?

Langflestir ferðuðust til Akureyrar með bílaleigubílum eða um 58% gesta. Um 18% voru farþegar skemmtiferðaskipa, 13% komu með hópferðabíl og 2% með áætlunarrútu. Sama hlutfall ferðaðist á putt anum og notaði einkabíl eða innanlandsflug. Annar ferðamáti telst t.d. reiðhjól og bátar.






## Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Akureyri muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Akureyri var um einn sólarhringur eða 24,6 klst. Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin niðurstöðunum var dvölin aðeins lengri eða um 27,7 klst.


Flestir dvöldu í 12-24 klst. eða um 23% ferðamanna. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 5,5 klst. og næturgesta 1,8 sólarhringar (43 klst.). Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin stýttist dvöl dagsgesta í 4,2 klst. Bandaríkjamenn dvöldu lengur en flestir aðrir á Akureyri eða að meðaltali í 35 klst. Frakkar dvöldu í 25 klst. og Þjóðverjar í 18 klst.



- Erlendir ferðamenn á Akureyri
- Erlendir ferðamenn á Akureyri án farþega skemmtiferðaskipa

## Hvaða afþreyingu hyggst þú nýta þér á Akureyri?

Hvalaskoðun og gönguferðir voru vinsælasta afþreyingin meðal ferðamanna á Akureyri. Alls sögðust um 18% ferðamanna ætla í hvalaskoðun og sama hlutfall hugðist fara í gönguferð. Um 15% áformuðu að skoða söfn og 12% ætluðu í útsýnisferð með hópferðabíl. Um 7% ferðamanna hugðust smakka mat úr héraði og 6% ætluðu í sund. Færri en 3% nefndu aðra þætti s.s. næturlífið, menningartengda viðburði, reiðtúr, útsýnisflug, jeppaferð og veiði. Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin niðurstöðunum hækkuðu allir liðir nema útsýnisferð sem var vinsælli meðal farþega skemmtiferðaskipa en annarra gesta. Alls sögðust rúm 21% ætla í gönguferð, 20% í hvalaskoðun og 15% á söfn þegar farþegar skipanna voru ekki taldir með.





- Erlendir ferðamenn á Akureyri
- Erlendir ferðamenn á Akureyri án farþega skemmtiferðaskipa

## Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Akureyrar?

Alls sögðust 57% gesta vera mjög ánægðir með dvölinu á Akureyri og 42% gesta voru ánægðir. Um 1% sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir og enginn var óánægður sem eru mjög jákvæðar niðurstöður fyrir ferðapjónustuna á Akureyri. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,55.\*

Ferðamenn frá Bretlandi og Bandaríkjunum voru sérstaklega ánægðir með heimsóknina þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,8 og 4,7. Frakkar og Þjóðverjar mældust með 4,4. Farþegar skemmtiferðaskipa virtust heldur ánægðari en aðrir gestir þar sem ánægjustig þeirra var 4,7 til samanburðar við 4,5 meðal annarra erlendra ferðamanna.




\*„mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Akureyri eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 14.448 kr.\* Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki gistingar en um 49% aðspurðra greiddu fyrir þann þjónustuþátt meðan á dvöl stóð. Alls keyptu 78% ferðamanna veitingar, 5% menningartengda þjónustu, um 24% greiddu fyrir afþreyingu og 57% keyptu vörur í verslunum bæjarins. Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir og skoðunarferðir. Til menningar teljast m.a. heimsóknir á söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna eru m.a. eldsneyti, leigubílar og annar akstur innan bæjarins. Þegar útgjöld farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin niðurstöðunum hækkuðu meðalútgjöld ferðamanna í 16.207 kr. á sólarhring. Allir útgjaldaliðir nema minjagripir hækkuðu en sá liður reyndist hærri meðal farþega skemmtiferðaskipa.

Útgjöld ferðamanna frá Bandaríkjunum voru töluvert yfir meðaltali eða alls um 19.700 kr. Útgjöld Breta voru um 12.500 kr., Þjóðverja um 12.300 kr. og Frakka um 10.700 kr. Munar þar mestu um útgjöld vegna gistiþjónustu, veitinga og verslunar en þeir liðir voru talsvert hærri meðal ferðamanna frá Bandaríkjunum. Markast þessi munur m.a. af lengri dvalartíma og dýrara vali Bandaríkjamanna á gistiþjónustu en Frakkar og Þjóðverjar voru líklegri til að dvelja á tjaldsvæðum bæjarins.




■ Erlendir ferðamenn á Akureyri

■ Erlendir ferðamenn á Akureyri án farþega skemmtiferðaskipa

\*Útgjöldin reiknast á miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí 2017

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Akureyri?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra á Akureyri nefndu flestir (32%) fegurð staðarins og hve hann væri snyrtilegur. Um 15% kvörtuðu undan skorti á upplýsingum til ferðamanna. Í flestum tilvikum fannst mönnum vanta götuskilti og vegvísa innanbæjar. Alls kvörtuðu 14% ferðamanna yfir háu verðlagi og um 7% nefndu þjónustu í athugasemdum sínum. Voru þær athugasemdir bæði jákvæðar og neikvæðar. Helst var kvartað yfir skorti á matvöruverslunum í miðbænum en einhverjir lýstu yfir ánægju með þjónustu gististaða og sjúkrahúss og einnig nefndu aðrir að samgöngur innanbæjar væru góðar. Um 4% vildu lengri opnunartíma verslana og safna og sama hlutfall talaði um gott viðmót heimamanna. Færri nefndu aðra þætti s.s. falleg hús, erfiðar aðstæður fyrir hjólreiðafólk og skort á bílastæðum.



# Hátt verðlag

Fallegar byggingar, kirkjur og garðar

Takk fyrir

Kem sennilega aftur hingað

Engin stór skemmtiferðaskip

Lystigarðurinn betri hér en í London

Hér er allt lokað á sunnudögum

Skiltin eru á íslensku, þyrftu að vera fleiri skilti á ensku

Erfitt að finna Lystigarðinn

Frábært að hafa ókeypis samgöngur

Veggjakrotið þarfnast útskýringa

Hvernig er hægt að búa hér allt árið?

Falleg hús

Veðrið gæti verið betra

# Fallegur og

Sól

Gott menningarlíf

Hér er besta gistingin

Takk fyrir sólskinið

# snyrtilegur bær

Hver er uppruni orðsins Akureyri?

Miklu betra en Reykjavík

Safnið var lokað

Allt gott

Brjáluð jarðgöng

Vond lykt af vatninu

Gott sjúkrahús

Auglýsið meira! Akureyri er fallegur bær sem við vissum ekki af fyrr en eftir að við komum til Íslands

Fallegt land. Áhrifamikilið. Skipulagt. Snýrtillegt

Hér eru margir bílar og þeir keyra mjög hratt á þröngum vegum sem gerir hjólréiðafólki erfitt fyrir

Hér vantar upplýsingar á spænsku

Gott fólk

Slæm bílastæði

# Hér vantar betri vegvísa

Hótelherbergin eru lítil

Allt var uppbókað og sumar verslanir lokaðar

Vildi að ég hefði meiri tíma hér

Of mikil sól

Hættuleg gatnamót í miðbænum, vantar gönguljós

Það er ekki mikið af íslenskum plöntum í Lystigarðinum

Hér vantar matvöruverslun

Frábært land! Haldið áfram á þessari braut

Fleiri bílastæði

Sérstakt

Betra veður en ég átti von á

Það kom á óvart hvað Lystigarðurinn er fallegur

Fossar og uppsprettur

Ég hefði viljað hafa meiri tíma fyrir gönguferðir

Byggðasafnið var frábært - líka bókasafnið

Bærinn virkar stærri en hann er

Akureyri er stærsti þéttbýliskjarninn á Norðurlandi. Bærinn er fallegur og snyrtilegur og býður upp á gott úrval verslunar og þjónustu. Þetta er meðal þess sem ferðamenn nefndu sem meginástæðu heimsóknar til Akureyrar. Þó sögðust flestir hafa verið á ferð um landið og að heimsóknin hafi einungis verið hluti af því ferðalagi. Almennt höfðu ferðamenn tekið ákvörðun um að heimsækja Akureyri áður en þeir komu til landsins (77%). Þeir dvöldu að meðaltali í einn sólarhring (24,6 klst.) á staðnum og helmingur þeirra dvaldi yfir nótt. Algengasti gistimátinn var hótél (27%) og einkagisting (22%).

Um 74% gistinátta erlendra ferðamanna á Akureyri voru frá maí til september 2017. Sama hlutfall var 84% árið 2013 svo vægi vetrargistingar hefur aukist nokkuð á tímabilinu.

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna voru um 14.450 kr. á sólarhring á Akureyri og hæstu útgjöldin voru vegna gistingar. Alls greiddu 49% ferðamanna fyrir gistingu, um 78% fyrir veitingar og 24% fyrir afþreyingu. Útgjöld ferðamanna frá Bandaríkjunum voru vel yfir meðallagi eða um 19.700 kr. Útgjöld Þjóðverja voru um 12.300 kr. og Frakka um 10.700 kr. Markast þessi munur m.a. af lengri dvalartíma og dýrara vali Bandaríkjamanna á gistingu en Frakkar og Þjóðverjar voru líklegri til að dvelja á tjaldsvæðum bæjarins. Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru ekki talin með hækkuðu meðalútgjöld ferðamanna í 16.200 kr. Allir útgjaldaliðir hækkuðu að undanskildum minjagripum sem farþegar skemmtiferðaskipa virtust hafa meiri áhuga á að kaupa en

aðrir ferðamenn. Skoðunarferðir með hópferðabíl voru einnig vinsælli meðal skipafarþega en önnur afþreying ekki.

Í langflestum tilvikum (95%) var meginþingangur ferðarinnar frí og ferðafélagarnir fjölskylda og vinir (86%). Flestir ferðuðust tveir saman í hópi og í um 17% tilvikum voru börn með í för. Bílaleigubílar voru vinsælasti ferðamátinn en 58% nýttu sér þann kost.

Afþreying var ekki mjög veigamikill þáttur þegar spurt var um meginástæðu heimsóknar til Akureyrar en alls sögðu 11% að meginástæða heimsóknar væri afþreying. Þó sögðust um 18% ferðamanna ætla í hvalaskoðun og gönguferð þegar spurt var um afþreyingu sérstaklega. Um 14% ætluðu að skoða söfn meðan á dvöl stóð.

Almenn ánægja var meðal ferðamanna með dvölinu á Akureyri þar sem 57% sögðust vera mjög ánægðir og 42% ánægðir. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,6. Í athugasemdum lýstu menn helst yfir ánægju með fegurð staðarins en þó mátti greina nokkra óánægju með hátt verðlag og skort á upplýsingaskiltum.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðþjónustu á Akureyri sumarið 2017. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðþjónustu mikilvægt púsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísi. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.